

skjölunum að stefndi hefir unnið að innheimtumálinu eftir að hann kom heim til sín úr þessari ferð, ber og að dæma áfrýjanda til að greiða honum þóknun fyrir það starf, er ákveðst 35 kr. eða alls 200 kr.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 55 50+200.00 alls kr. 255.50 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 2. ágúst f. á. til greiðsludags, en eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Ásmundur Eiríksson greiði stefnda Páli Jónssyni 255 kr. 50 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 4/1918.

Magnús Tómasson  
gegn  
Þorvaldi Bjarnarsyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Þorvaldur Bjarnarson bóndi í Núpakoti fyrir aukarétti Rangárvallasýslu gegn Magnúsi bónda Tómassyni á Steinum til greiðslu skaðabóta fyrir það, að hann á ýmsa lund hefði farið ólöglega með og út fyrir umboð, sem Íslandsbanki veitti Magnúsi árið 1910 til þess að hafa umsjón með jarðeignum Þorvaldar, er veðsettar voru bankanum, og annast rekstur þeirra. Lauk málinu í aukaréttinum með dómi uppkveðnum 3. nóv. f. á. á þá leið, að Magnús Tómasson skyldi greiða Þorvaldi Bjarnarsyni 414 kr. 17 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en vera að öðru leyti sýkn af kærnum hans og kröfum, og málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefir Magnús Tómasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og eru það kröfur hans, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að teknar verði til greina kröfur hans fyrir aukaréttinum um sýknun og málskostnað, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þorvaldur Bjarnarson hefir af annari hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 17. apríl þ. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann, eru það kröfur hans, að áfrýjandi verði dæmdur eins og krafist var fyrir aukaréttinum og skyldaður til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins bæði fyrir undirrétti og yfirdómi.

Með umboðsskjali dags. 15. ágúst 1910 veitti

Þorvaldur Bjarnarson Íslandsbanka í Reykjavík heimild og umboð til að stjórna að öllu leyti eftirgreindum jörðum hans og jarðarpörtum, er veðsettar voru bankanum með bréfi dags. 21. júlí 1905: Voðmúlastöðum,  $\frac{1}{2}$  Arngeirsstöðum, eign stefnda í Hlíð og Rauðafelli,  $\frac{1}{2}$  Leirum,  $\frac{1}{2}$  Minniborg með eign stefnda í Yztabæli, Yztabælikoti, Sitjanda, Miðbæli og Efrabakkakoti, Berjanesi og Berjaneskoti. Skyldi bankanum einum vera heimilt að innheimta allt eftirgjald og leigur jarðeignanna, byggja þær og leigja, ákveða leigumála og eftirgjald, og semja um nýjan og altannað, er við kæmi stjórn jarðeignanna. Afganginum af tekjum jarðanna að frádregnum opinberum gjöldum og innheimtukostnaði skyldi bankinn verja til vaxta og afborganagreiðslu af skuld stefnda við bankann samkvæmt fyrnefndu veðbréfi. Bankanum skyldi heimilt að fela öðrum umboðið og gjalda kostnað við rekstur þess af afrakstri eignanna, og skyldi það eigi vera afturtækt fyrir en skuld stefnda við bankann væri greidd.

Um leið og stefndi samdi þannig við bankann fékk hann honum í hendur lýsingu dags. 17. júní s. á. á jarðeignunum og leigumála þeirra. Samkvæmt umboðsskjali þessu fékk bankinn áfrýjanda Magnúsi Tómassyni umsjón með innheimtu af jarðeignunum gegn 8% innheimtulaunum af fé því, er hann innheimti og greiddi í bankann og setti honum erindisbréf dags. 19. okt. s. á. og hafði hann þessi störf á hendi um 4 ár, og eru síðustu reikningsskil hans til bankans fyrir fardagaárið 1913—14.

Nú heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi í

ýmsum greinum farið lengra en erindisbréf hans heimilar og lengra en vald það nær, er bankanum var veitt með umboðsskjalinu 15. ágúst 1910, hann hafi bæði með gjörðum sínum og aðgerðaleyssi og jafn vel fjárdrætti í eigin hagsmunaskyni bakað stefnda verulegt fjártjón, er hann eigi kröfu til fullra bóta fyrir hjá áfrýjanda. Hér til telur stefndi það:

- |   |         |              |
|---|---------|--------------|
| 1. að áfrýjandi hafi leigt jarðir fyrir lægra eftirgjald en á þeim var, þegar hann tók við umboðinu og gefið eftir eða vanrækt að innheimta jarðarafgjöld, og nemi þetta alls | kr.     | 372 24       |
| 2. að hann hafi heimildarlaust swift stefnda leiguliðaafnotum af jörðinni Berjanesi og bakað honum með því tjón, er hann metur  | —       | 9876 60      |
| 3. að hann hafi tekið á móti hærra eftirgjaldi af sumum jörðunum, en hann skilaði Íslandsbanka og nemi sá munur   | —       | 28 92        |
| 4. að hann hafi greitt ólögmæt útgjöld af tekjum jarðanna, alls   | —       | 115 00       |
|   | samtals | kr. 10392 76 |

er stefndi krafðist fyrir aukaréttinum og krefst nú hér fyrir réttinum að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér.

Áfrýjandi krefst sýknunar aðallega af þeirri ástæðu að hann sé rangur varnaraðili; hann hafi verið umboðsmaður Íslandsbanka, haft umsjón og umráð jarðeigna stefnda fyrir bankans hönd og að öllu leyti hagað sér eftir fyrimælum hans, stundum eftir

beinu fyrirlagi hans um einstök atriði og að öðru leyti eftir hinu almenna umboði bankans; hafi bankinn tekið öll reikningsskil áfrýjanda góð og gild og tjáð sig fyllilega ánægðan með ráðsmensku hans. — Til vara krefst áfrýjandi sýknunar fyrir þá sök, að kröfur stefnda eigi við engin rök að styðjast.

Það er að visu svo, að áfrýjandi var umboðsmaður Íslandsbanka, en ekki stefnda, og átti því að standa bankanum en eigi stefnda reikningsskap gerða sinna, að því leyti sem þær voru í samræmi við umboð stefnda til bankans og erindisbréf áfrýjanda. En stefndi heldur því fram, sem fyr getur, að ýmsar gerðir áfrýjanda hafi farið lengra en hann hafði fengið vald til frá bankanum og að hann hafi gert ýmsar þær ráðstafanir um eigir stefnda, er bankinn hafi eigi veitt eða getað veitt honum heimild til, og áfrýjandi því beri ábyrgð á, en ekki bankinn, enda tekur stefndi það fram, að hann í þessu máli kæri áfrýjanda aðeins fyrir það, sem hann hafi framið utan við umboðið 15. ág. 1910. Aðalsýknunarástæða áfrýjanda gefur því fyrst tilefni til að rannsaka, hvort hann með gerðum þeim, er greindar eru í 4 framanefndum kröfupóstum hafi farið ólöglega með umboð bankans þannig sem stefndi staðhæfir. Um það skal nú athugað það sem hér segir.

Ad. 1. Áfrýjandi sendi bankanum öll árin, sem hann hafði umboðið, skýrslu um umboðsreksturinn og reikning yfir afrakstur eignanna. Sýna þessir reikningar, sem stefndi hefir lagt fram eftirrit af, að ekki hefir goldist eftir sumar jarðirnar fult eftirgjald það, sem stefndi taldi þær leigðar fyrir í skýrslu

sinni til bankans. Eftir reikningi stefnda nemur þessi munur 372 kr. 24 a. Hann hefir þó eigi sundurliðað þessa upphæð þannig að séð verði með samanburði á eftirgjaldsskýrslu hans og reikningum áfrýjanda, hvernig upphæðin kemur fram. Rétt talinn virðist mismunurinn vera 307 kr. 17 a. Þar af er peningagjald af jörðinni Rauðafelli 32 kr. á ári, er eftir var gefið í 3 ár, samtals 96 kr. Áfrýjandi hefir greint þá ástæðu fyrir þessari eftirgjöf, að leiguliðinn hafi sagt ábúðinni lausri af því að jörðin hafi orðið fyrir miklum skemdum af vatnaágangi, en það hafi orðið að samkomulagi við hann, að hann héldi býlinu áfram gegn því að peningagjaldinu væri létt af því; kveðst áfrýjandi hafa samið um þessa lækkun afgjaldsins með samþykki bankans. Stefndi hefir eigi mótmælt þessari umsögn áfrýjanda og ályzt áfrýjandi eigi með greindri ráðstöfun hafa breytt gegn erindisbréfi sínu eða farið lengra en bankinn, sem réði leigumála og eftirgjaldi jarðanna, hafði vald til. Þær 211 kr. 17 a., sem þá er eftir, eru vangreiðd gjöld af jörðunum Minniborg með Sitjanda, Yztabæli og Yztabælliskoti, Miðbæli og Leirum. Í skilagreinum áfrýjanda til bankans, er gerð grein fyrir, hvernig á þessum vangreiðslum stóð, að jarðirnar hafi eigi byggzt gegn hinu ákveðnu gjaldi, og því sumar verið í eyði, Leirur, annað býlið, 1911—1914 og Minniborg með Sitjanda 1912—14, eða að minna gjald hafi fengist eftir þær, eða að leiguliðar hafi neitað að greiða eða gjöldin eigi náðst hjá þeim. Áfrýjandi hefir stadhæft að jarðir þær, sem gengu úr byggingu, hafi hann gert arðberandi á þann hátt, er

hann með sinu bezta viti og fylstu samvirkusemi taldi beztan og arðmestan fyrir stefnda. Gegn þessari staðhæfingu áfrýjanda hefir stefndi eigi sannað, að hann hafi vanrækt að leitast við að byggja jarðirnar eða ganga eftir jarðargjöldunum hjá landsetum; áfrýjandi skýrði bankanum frá málavöxtum, og ekkert bendir til þess að bankinn hafi lagt fyrir hann að gera í þessu efni frekar en hann hafði gjört. Í erindisbréfi áfrýjanda var eigi tekið fram, að hann ætti að ganga eftir gjöldunum með lögsókn, og það má gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi eigi fengið skipun frá bankanum um að innheimta gjöldin þann veg, en þar sem bankinn réði leigumála og eftirgjaldi jarðanna, var það undir hans álitum komið, hvort fært væri að beita málssókn til að ná inn gjöldunum. Það verður eftir þessu eigi litið svo á, að áfrýjandi hafi í því efni, er ræðir um í þessum kröfulið, farið ólöglega með umboð bankans, svo að stefndi fyrir það geti gjört skaðabótakröfu á hendur honum.

Ad. 2. Þennan stærsta liðinn í kröfum stefnda byggir hann á því, að áfrýjandi hafi ólöglega svift hann afnotum af Berjanesi, svo að hann hafi farið á mis við arð af þeirri jörð, er hann að frádregnum kostnaði metur 9876 kr. 60 au. Tjáist stefndi sjálfur hafa haft leiguliðaafnot af þessari eignarjörð sinni og nytfært sér hana, þegar hann samdi við bankann. En áfrýjandi hafi, er hann tók við umboði bankans, tekið undir sig umráð jarðarinnar og ráðstafað henni án þess að bera það undir stefnda eða gefa honum kost á að halda afnotunum, en þetta hafi verið algerlega heimildarlaust, með því að stefndi hafi eigi

með umboðinu til bankans sagt jörðinni lausri eða afsalað sér afnotum hennar.

Með umboðsskjalinu fól stefndi Íslandsbanka að stjórnna að öllu leyti nefndum jarðeignum sínum, þar á meðal Berjanesi og í skýrslu sinni til bankans 17. júní 1910 gat hann þess, að hann hefði eigi getað fengið jörðina byggða. Í umboðsskjalinu er ekkert um það athugað eða áskilið, að stefndi hafi afnot þessarar jarðar, og verður því að ætla að hann hafi fengið hana bankanum til fullra umráða sem óbyggða jörð, enda lagði bankinn sérstaklega fyrir áfrýjanda að taka jörðina undir yfirráð sín og leigja út slægjur hennar og aðrar landsnytjar. Áfrýjandi hefir þannig í þessu efni breytt eins og umbjóðandi hans lagði fyrir hann og eigi farið lengra en umboð hans náði, og er því engin heimild til að samþykkja þennan kröfulið.

Í sambandi við síðastnefnda kröfu hélt stefndi því fram, að áfrýjandi hefði eigi gjört grein fyrir öllum arði eða tekjum af Berjanesi, en dregið nokkuð af slægjulandi jarðarinnar, svo nefndan Steinahólma, 300 hesta slægju, er hann hafði sjálfur notað og leyft öðrum að nota, en í skilagrein áfrýjanda séu engar tekjur taldar af þessu slægjulandi. Að Berjanes eigi nokkurn hluta Steinahólma byggir stefndi á landamerkjaskráum jarðanna Berjanes og Steina, þinglesnum 21. maí 1890, og 31. ágúst 1909 hefir hann látið birta ábúendum Steina bann gegn því, að þeir nytji sér þann hluta Steinahólma, er liggir innan landamerkja Berjanes. Áfrýjandi er eigandi að nokkrum hluta Steina og neitar hann því að Steinahólmi eða



nokkur hluti hans heyri til Berjanesi en staðhæfir að land þetta hafi ávalt verið talið til Steina og notað þaðan, og þó að áfrýjandi hafi tekið að sér umboð bankans yfir Berjanesi, hafi hann eðlilega eigi með því afsalað sér þeim rétti, er hann telji sig hafa til Steinahólma. Það er nú í hinum afnýjaða dómi réttléga litið svo á, að hér verði að fara eftir því, hver hafði eignarhald og afnot Steinahólma, þegar áfrýjandi tók við umboðinu. Um þetta sanna fyrgreindar landamerkjaskrár ekkert, enda er Steinahólmi ekki nefndur í þeim. En önnur framkomin gögn benda flest í þá átt, að Steinamenn hafi mörg undanfarin ár og alt þangað til áfrýjandi gjörðist umboðsmaður bankans, haft mest öll afnotin, að minsta kosti slægjuafnot af hinu umþrætta landi. Þessum afnotum var áfrýjanda og öðrum eigendum Steina eigi skylt að sleppa, þegar hann tók við umboðinu, og verður þá eigi með rökum sagt, svo sem stefndi heldur fram, að áfrýjandi hafi í þessu efni misbeitt því í eigin hagsmuna skyni. Að öðru leyti verður eigi í þessu máli neinn úrskurður á þetta lagður, hvort Steinahólmi allur sé í Steinalandi eða nokkur hluti hans í Berjaneslandi, með því að ágreiningur um þetta ber undir landamerkjadóm.

Ad. 3. Í erindisbréfi áfrýjanda er ákveðið, að hann skuli koma í peninga eftirgjaldi því, sem gildi sé í öðru en peningum, og innborga í bankann eftir verðlagsskrá þeirri, sem gildi fyrir Rangárvallasýslu á þeim tíma, sem gjöldin falla í gjalddaga. Stefndi kveðst nú hafa komist að því, að ýmsir af leiguliðunum hafi óskað að greiða smjörgjald sitt í

peningum og gjört það, en þeir hafi orðið að greiða eftir gangverði smjörs en ekki verðlagsskrá; þó beri reikningar áfrýjanda það með sér, að hann tilfæri aðeins verðlagsskrárverð, og hafi hann þannig stungið mismuninum, sem gangverð var hærra en verðlagsskrárverð, í eigin vasa. Telur stefndi þennan mismun 28 kr. 92 au. og krefst að áfrýjandi greiði sér hann. Stefndi lítur þó svo á, að áfrýjanda hefði verið heimilt að skila aðeins verðlagsskrárverði þeirra eftirgjalda, sem í raun og veru voru greidd í landaurum, en gjöldum, sem hann tók við í peningum, hafi hann átt að skila óskertum að öðru en umsömdum innheimtulaunum. Það virðist þó ekki skifta máli í þessu efni, hvort áfrýjandi tók við gjöldunum í peningum eða landaurum. Eftir erindisbréfinu var áfrýjanda í sjálfsvald sett hvernig hann ráðstafaði landaurunum, ef hann skilaði verði þeirra eftir verðlagsskrá; með því verði gat hann sjálfur keypt þá, og þá að sjálfsögðu selt þá aftur með gangverði hverjum sem hann vildi, þar á meðal gjaldendum sjálfum. Með því að eigi verður ætlað að áfrýjandi hafi í þessu atriði misbeitt umboði sínu eða farið lengra en erindisbréf hans heimilaði, verður og að sýkna hann af þessari kröfu stefnda.

Ad. 4. Þessi kröfuliður er fyrir ranga samtalinngu hjá stefnda oftalinn um 10 kr.; rétt samtalin er hann 105 kr. og sundurliðast þannig:

fyrir rof á húsum á Minniborg, Leirum	
og Berjanesi . . . . .	kr. 15,00
— að moka út Holtsós . . . . .	— 17,00
— vörzlu á Berjanesslægjum . . . . .	— 10,00

Fyrir ihleðslu í Svaðbælisá . . . . . - 60,00  
 — björgun á reka . . . . . — 3,00

Þessi gjöld telur stefndi ólögmæt og séu þau því afturkræf frá áfrýjanda.

Fyrir öllum þessum greiðslum gerði áfrýjandi grein í reikningum sínum til Íslandsbanka. Það hefur eigi verið reynt að hnekkja þeirri umsögn hans, að bankinn hafi samþykkt þær gerðir hans, sem hér ræðir um og talið reikningsskil hans fullnægjandi, en bankanum var samkvæmt umboðsskjalinu 15. ág. 1910 og eftir því sem að öðru leyti er upplýst í málinu, heimilt að láta gera allar þær ráðstafanir, sem greiðslur þessar lúta að, og með því nú að áfrýjanda, svo sem þegar er sagt, var eigi skylt að standa öðrum en bankanum reikningsskap gjörða sinna í þeim greinum, er umboð bankans tók til, verður áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu eigi gerð nein ábyrgð eða útlát til handa stefnda fyrir greiðslu hér áminstra gjalda.

Eftir því sem að framan er sagt, verða þau úrslit málsins, að sýkna ber áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Málskostnaður þykir eftir atvikum rétt að falli niður fyrir báðum réttum. Skipuðum málfærslumanni stefnda verða eigi dæmd málf lutningslaun, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast, að málfærsla hans hefir verið lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Magnús Tómasson á að vera sýkn

af kröfum stefnda Þorvaldar Bjarnasonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 28/1918.

Réttvisin

gegn

Einari Jónssyni, Guðnýju  
Gísladóttur og Gísla Jóns-  
syni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Árnassýslu gegn hinum ákærða Einari Jónssyni frá Nesjum í Grafningshreppi og meðákærðu Gísla Jónssyni málara Lindargötu 43 í Reykjavík og Guðnýju Gísladóttur sama staðar fyrir brot á 23. kap. hinna almennu hegningarlaga 25 júní 1869. Var ákærði Einar Jónsson með dómi nefnds réttar uppkveðnum 27. marz þ. á. dæmdur til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkv. 231. gr. (í dómnum stendur 131. gr. sem mun vera ritvilla) 1. lið sbr. 58. gr. alm. hegningarlaga og til að greiða allan málskostnað, en hin ákærðu, Gíslí Jónsson og Guðný Gísladóttir voru sýknuð af ákæru réttvisinnar í mál-